

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 186/2012

2012/EES/70/34

frá 28. september 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/92/ESB frá 10. febrúar 2011 um spurningalista sem nota skal fyrir fyrstu skýrsluna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB um geymslu koltvísýrings í jörðu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21at (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21ata. **32011 D 0092**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/92/ESB frá 10. febrúar 2011 um spurningalista sem nota skal fyrir fyrstu skýrsluna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB um geymslu koltvísýrings í jörðu (Stjtið. ESB L 37, 11.2.2011, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/92/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2012 frá 15. júní 2012 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 43.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 37, 11.2.2011, bls. 19.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 39.